



161. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 28. nóvember 2017 í Stykkishólmi

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Róbert Arnar Stefánsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Ragnhildur Sigurðardóttir, Eiríkur Snæbjörnsson og Magnús A. Sigurðsson.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 160. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplasin og samþykkt.

Fjármál

Drög að fjárhagsáætlun lögð fram.

Afgreiðsla:

Drög samþykkt.

Reglugerð um öflun sjávargróðurs: umsögn

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti óskar eftir umsögn um drög að reglugerð um öflun sjávargróðurs.

Afgreiðsla:

Nefndarmenn komu með ýmsar athugasemdir en nefndin bendir meðal annars á að stýring nýtingar sjávargróðurs sé vandmeðfarin, ekki síst vegna eignarhalds auðlindarinnar. Hún telur að svæðaskipting Breiðafjarðar gæti þó einfaldað stýringuna varðandi þarann en ef tíðni þangsláttar er takmörkuð er slík svæðaskipting mögulega ónauðsynleg varðandi þangið. Nefndin telur því mikilvægt að í reglugerðinni sé fjallað um hámarkstíðni þangsláttar á hverju svæði.

Nefndin bendir á að þangsláttur er hvergi heimill án leyfis landeiganda né heldur öflun þara innan netlaga jarða.

Athugasemdir nefndarinnar verða teknar saman og sendar til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

Erindi frá Þórði Sveinbjörnssyni: ósk um styrk vegna prentunar örnefnaskráninga úr Svefneyjum

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd tekur jákvætt í erindið en óskar eftir sundurliðaðri kostnaðar- og tekjuáætlun þar sem það er forsenda styrkveitinga hjá nefndinni.

Breiðafjarðarnefnd er samþykk því að styrkja verkefnið um allt að 450.000 kr. að uppfylltum skilyrðum og að afraksturinn verði aðgengilegur á heimasíðu nefndarinnar.

Erindi frá Fornleifafélagi Barðstrendinga og Dalamanna: Ósk um styrk vegna fornminjarannsókna á Staðarhóli

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd samþykkir að styrkja Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna um allt að 400.000 kr. til fornminjaskráningar og úrvinnslu gagna að uppfylltum skilyrðum um kostnaðar- og tekjuáætlun.

Styrkinn skal nýta til þess hluta verkefnisins sem er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar og snýr að strandmenningu. Afrakstur verkefnisins skal vera aðgengilegur á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

Örnefnaskráningar

Farið yfir stöðu örnefnaskráninga á verndarsvæðinu og næstu skef.

Afgreiðsla:

Náttúrustofa Vestfjarða áætla að skila örnefnaskráningum til nefndarinnar fyrir 1. desember. Samþykkt að taka saman yfirlit yfir þau svæði þar sem eftir á að skrá örnefni.

Jarða- og eigendaskrá

Samantekt jarða- og eigendaskrár fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar færi fram í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og myndi fela í sér nokkurn kostnað.

Afgreiðsla:

Nefndin samþykkir að óska eftir upplýsingum frá sveitarfélögum við Breiðafjörð um hvaða jarðir sveitarfélaganna liggja inn á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Drög að greinargerð um breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar

Theó kynnti drög að erindi til umhverfisráðherra ásamt greinargerð vegna endurskoðunar laga um vernd Breiðafjarðar.

Afgreiðsla:

Samþykkt að vinna drögin áfram m.t.t. athugasemda sem fram komu á fundinum. Nefndin vinnur málið áfram í gegnum tölvupóst og málið verður tekið fyrir á næsta fundi.

Gestastofa Snæfellsness

Ragnhildur Sigurðardóttir kynnti Gestastofu Snæfellsness og mögulegt samstarf við Breiðafjarðarnefnd.

Önnur mál

Vinnureglur um úthlutun styrkja

Theó gerir drög að vinnureglum fyrir næsta fund nefndarinnar þar sem fram koma forsendur fyrir afgreiðslu styrkumsókna.

Fundi slitið kl. 15:00.



Næsti fundur áætlaður 30. janúar.